

Reykjanesbær

14.9.2020

Umsókn um leyfi til eyðingar á vargfugli

Undirritaður óskar eftir leyfi til eyðingar á vargfugli í landi Reykjanesbæjar. Aðallega er um að ræða svæði sem eru úr alfaraleið en þó geta komið upp tilfelli þar sem þess reynist oft nauðsyn að bregðast við á svæðum eins og við hafnir og fiskverkunarhús.

Á svæði sem ég þekki til úti á landi er svo komið að svartbakurinn er farinn að eyða æðarvarpi með áti á ungum. Ekki er mikið um æti fyrir vargfugla í dag og því ráðast þeir oft á afkvæmi annara fugla og eru dæmi um að svartbakurinn éti egg og unga frá öllum þeim suglum sem hann kemst í. Ég hef talað við mann, sem hafði skotið svartbak og fundið í maga hans 11 æðarunga.

Svartbaknum var eytt bæði hér og í nágretta sveitafélögum í fyrri tíð og voru 2-3 menn sem sinntu þessu verkefni þá. Þessu hefur mér vitandi ekki verið sinnt í mörg ár og er mikil fjölgun í þessum stofni eins og er og ástæða til að bregðast við, en skýrslur sanna, að svartbakurinn eyðir 50–60% af eggjum, og enn þá er ekki hægt að segja, hve mikið hann drepur af ungum, en það mun vera mikið.

Undirritaður hefur öll tilskilinn leyfi sem þarf, auk reynslu af skotveiðum, og öll hræ verða hirt upp og fargað samkvæmt reglum.

Verði þetta samþykkt þá þarf að fá leyfi frá Reykjanesbæ og HES auk samþykkis frá lögreglustjóra.

Kveðja

Sigvaldi Arnar Lárusson

Hraundal 3

260 Reykjanesbær

sal0401@gmail.com

Gunnar Kristinn Ottósson

From: Sindri Gíslason <sindri@natturustofa.is>
Sent: þriðjudagur, 15. september 2020 12:33
To: Gunnar Kristinn Ottósson; stefan@hes.is
Subject: Re: Eyðing vargfugla

Sæll Gunnar

Svartbaki hefur fækkað mikið víðast hvar á landinu og hefur sú þróun staðið yfir um áratugaskeið. Margar byggðir hafa lagst af og nánast alls staðar þar sem fjöldi varppara hefur verið metinn eða talinn hefur fuglunum fækkað mikið. Vetrarvísitala endurspeglar þessa þróun en samkvæmt henni fækkaði svartbökum um 65% á viðmiðunartímabilinu 1978–2014 (sjá graf). Svartbakur er því í dag tegund á válista og flokkuð sem tegund í hættu (EN, A2abc). Það liggur í hlutarins eðli að ekki ætti að veiða tegundir á válista og stutt í það að alfarið verði tekið fyrir það.

Meðfylgjandi er kort sýnir áætlaða dreifingu og stærð svartbaksvarpa á landinu, eins og sést er ekkert stórt varp á SV-landi.



Hvað varðar sílamáfinn hefur honum fækkað mikið síðasta einn og hálfan áratuginn. Sílamáfur er tiltölulega nýlegur landnemi hér við land, fyrsta varp fannst 1930 (Finnur Guðmundsson, 1955) og fjölgaði tegundinni hér jafnt og þétt allt fram til ársins 2004. Árið 2004 voru talin yfir 40.000 pör á Rosmhvalanesi en árið 2005 voru talin um 31.000 pör (Gunnar Þór Hallgrímsson og Páll Hersteinsson, 2011). Árið 2006 var fjöldi para kominn niður í 5000 pör og fækkunin milli ára því 85% (Gunnar Þór Hallgrímsson, óbirt gögn). Líklegasta skýringin á þessu er sú að færsla hafi verið á sandsílinu sem er helsta fæða sílamáfisins á varptíma og

fæðuskortur því valdið þessari fækkun. Síðan 2005 hefur ekkert mat verið gert á stofnstærð varpstofnsins á Miðnesheiði og því er óþekkt hvernig stofninum hefur reitt af síðan þá. Árið 2018 var reiknuð stærð varpstofnsins 7005 pör sem er um 40% aukning síðan í síðustu talningu. Þrátt fyrir þessa fjölgun í varpstofninum hefur varpsvæðið dregist saman um 22% síðan 2005.

Af þessu má ljóst vera að staða sílamáfa hefur oft verið betri á Reykjanesi og svæðið er fyrst og fremst dvalarstaður svartbaka utan varptíma. Er ekki kunnugt um að máfar séu vandamál í Reykjanesbæ. En þar sem máfar verða vandamál í þéttbýli er orsökina fyrst og fremst að leita í óheftu aðgengi þeirra að fæðu - ef það er leyst með heftu aðgengi fara máfarnir annað, það er því langfarsælasta og árangursríkasta leiðin.

--

Kær kveðja / *Best regards*

Sindri Gíslason, Ph.D.

Forstöðumaður / *Director*

Náttúrustofu Suðvesturlands / *Southwest Iceland Nature Research Centre*

Garðvegi 1, 245 Sandgerði

Tel. (+354) 423-7458 / 697-9684

www.natturustofa.is



Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Please note that this e-mail and it's attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.

On 15.9.2020 11:28, Gunnar Kristinn Ottósson wrote:

Góðan dag

Við fengum þetta erindi til okkar en hef litlar upplýsingar um þetta mál. Maðurinn talar um svartbak en á væntanlega við sílamáf. En megin spurningin í mínum huga eru vargfuglar vandamál í Reykjanesbæ?

Kveðja

Gunnar Kr Ottosson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ
Netfang / e-mail gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is
Sími /telephone +354 421 6700
Veffang reykjanesbaer.is

